

## Áætlun Snarfara félag sportbátæigenda um móttöku og meðhöndlunar úrgangs.

### 1. Upplýsingar um höfn og starfsemi

Snarfari er áhugamannafélag sportbátæigenda, þar sem félagsmenn geti haft aðstöðu fyrir báta sína við bryggju og á landi til viðhalds. Öll almenn þjónusta sem snýr að veru báta (sjósetningu og upptektar báta) er unnin í sjálfboðarvinnu af félagsmönnum.

Snarfari félag sportbátæigenda Elliðavogi 104 Reykjavík

Tegund skipa sem nota höfnina	Fjöldi notenda 2018
Smábátar við bryggju	150
Smábátar á landi	50

### 2. Móttaka og ráðstöfun úrgangs

Notendur hafnarinnar þ.e. félagsmenn sjá sjálfir um að koma úrgangi í viðeigandi geymslurými og er reglulega fylgst með því af stjórn Snarfara. Ábyrgð á framkvæmd áætlunar er í höndum stjórnar Snarfara.

Lýsing á gerð og geymslurými móttökuaðstöðu hafnar.

Árleg förgun efna sem höfnin skilar frá sér.

- Gámur frá Gámaþjónustunni (s: 535-2500) fyrir blandaðan úrgang og er losaður 8-10 sinnum á ári (gámurinn er ca 8 rúmmetrar)
- 2000 lítra olíutankur fyrir olíuúrgang og olíutengd spilliefni er á svæðinu og er þjónustaður af Hreinsitækni (s: 567-7090) og er tæmdur einu sinni á ári.
- Kar fyrir rafgeyma sem er ca 0,5 rúmmetrar og er losaður ca 4 sinnum á ári af Efnarás (s: 550-1900)
- Formeðferð úrgangs og farmleifa frá skipum bátum á sér ekki stað á hafnarsvæðinu.
- Stjórn Snarfara fylgist með ástandi móttökustaða úrgangs og er ábyrg fyrir því að tæming eigi sér stað.

Samantekt á þeirri löggjöf sem áætlunin byggir á.

Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum.

Reglugerð nr. 1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum.

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 586/2017 um innleiðingu viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 (MARPOL-samningur). (Þessi reglugerð ógildir reglugerð nr. 801/2004 um varnir gegn sorpmengun frá skipum).

Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum.

f. Gjaldtaka fyrir úrgangsmóttöku í höfninni.

Engin gjaldtaka er fyrir úrgang sem verður til vegna notkunar og viðhalds báta.

Málsmeðferð við skýrslugjöf um vanbúnað móttökuaðstöðu hafnar.

Ef skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar, s.s. vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstarfsmanna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra/sveitarstjóra (á þar til gerðu eyðublaði ef það er til staðar) á netfangið [snarfari@snarfari.is](mailto:snarfari@snarfari.is) Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er.

Telji viðkomandi umkvörtunarefnið vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisyfirvalda á því, ber honum að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar. Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar:

<http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>

Eyðublaðið er einnig að finna á enskri útgáfu á heimasíðunna:

<https://www.ust.is/default.aspx?pageid=504d0e73-421b-11e7-941e-005056bc2afe>

Endurskoða ber áætlina á þriggja ára fresti, næst árið 2020.